



Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 10. júlí 2025

USK24060172

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 10.7.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Norðlingaholt - Breyting á deiliskipulagi - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. júní 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. júní 2025 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Auðun Helgason og Brynjar Þór Jónasson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sitja hjá undir þessum lið en gagnrýna að skipulagið fari í kynningu yfir hásumarið enda íbúar og hagaðilar í betri færum að kynna sér fyrirbyggjandi skipulagstillögur utan sumarleyfistíma. Gera fulltrúarnir alla hefðbundna fyrirvara um endanlega afgreiðslu málsins að auglýsingu lokinni.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík